



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2015

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum (námsmenn), þskj. 266-237. mál.

Kennarasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nógildandi laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 getur námsmaður átt rétt á húsaleigubótum leigi hann íbúðarhúsnæði til búsetu jafnvel þótt hann eigi þar ekki lögheimili að því gefnu að hann dveljist við námið utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili þegar námið hófst. Ekki er sérstaklega tiltekið á hvaða námsstigi námið þurfi að vera.

Að því er varðar það frumvarp sem er til umfjöllunar þá er lagt til að námsmenn geti átt rétt á húsaleigubótum leigi þeir íbúðarhúsnæði í sama sveitarfélagi og þeir eiga lögheimili í að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. M.a. þarf námið að vera á framhalds- eða háskólastigi. Slík skilyrði um námsstig er ekki að finna í nógildandi 2. mgr. 4. gr. framangreindra laga eins og að framan greinir.

Kennarasamband Íslands telur ekki ástæðu til þess að mismuna í rétti til húsaleigubóta eftir því á hvaða námsstigi nemendur eru. Þá telur Kennarasamband Íslands að engar efnislegar forsendur séu fyrir því að gera aðrar kröfur til náms að því er varðar þessa fyrirhuguðu viðbót við 2. mgr. 4. gr. laga um húsaleigubætur en gerðar eru til náms skv. nógildandi 2. mgr. 4. gr. sömu laga.

Kennarasamband Íslands mælir með því að frumvarpinu verði breytt þannig að orðin „á framhalds- og háskólastigi“ verði felld út en hefur engar aðrar athugasemdir við frumvarpið og styður það að öðru leyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna Rós Sigmundsdóttir
Lögfræðingur KÍ